



Súðavíkurhreppur eftir 5 ár?

Íbúáping Súðavíkurhrepps

Greinargerð um íbúápingið og niðurstöður þess



2008

Samant. Ómar Már Jónsson

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
A) ÍBÚAÞING Í KJÖLFAR FJÁRMÁLAKREPPU	4
2. DAGSKRÁ ÍBÚAÞINGS:	5
3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	6
4. SETNING ÍBÚAÞINGS	7
5. ÁRANGURSMAT, SAMANTEKT ÍBÚAÞINGS 2004 TIL DAGSINS Í DAG	7
A) AF ÞVÍ HELSTA SEM HEFUR ÁUNNIST ER:	7
B) VERKEFNI SEM HEFUR EKKI NÁÐST AÐ FARA Í EÐA KLÁRA	8
C) VERKEFNI SEM UNNIÐ ER AÐ	8
6. ÁHERSLUR Í FLOKKUN SORPS OG SORPHIRÐU	8
7. KYNNING Á FÉLAGSÞJÓNUSTU VIÐ DJÚP	9
8. FÉLAGSSTARF SÚÐAVÍKURHREPPS	9
9. KYNNING Á ATVEST	9
10. SKIPT Í VINNUHÓPA	9
A) YFIRSKRIFT FJÖGURRA VINNUHÓPA ER SEM HÉR SEGIR:	9
A) UMHVERFI OG SKIPULAGSMÁL	9
B) ATVINNULÍF	9
C) SKÓLAMÁL	10
D) GOTT OG SAMHELDIÐ SAMFÉLAG	10
B) SPURNINGUM SEM M.A. VAR LEITAÐ SVARA VIÐ Í HÓPUNUM	10
11. KAFFI Í BOÐI	11
12. NEMENDUR SÚÐAVÍKURSKÓLA KYNNA NIÐURSTÖÐUR SÍNAR	11
A) NEMENDUR 5 - 9 ÁRA	11
B) NEMENDUR 10 - 12 ÁRA	11
C) NEMENDUR 13 - 15 ÁRA	11
13. ÞÁTTTAKENDUR VINNUHÓPA KYNNA NIÐURSTÖÐUR SÍNAR	12
A) UMHVERFI OG ÁSÝND	12
B) ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTA	13
C) GOTT OG SAMHELDIÐ SAMFÉLAG	14
D) SKÓLAMÁL	15
14. INNSENDUM FYRIRSPURNUM SVARAÐ	15
15. OPNAR UMRÆÐUR	18
16. HEIMILISBÓKHALDIÐ BÓTHILDUR KYNNT TIL LEIKS	18
17. SAMANTEKT OG HVAÐ SVO?	18

1. Inngangur

Laugardaginn 25. október 2008 var haldið íbúáþing Súðavíkurrepps í Súðavík, undir yfirskriftinni **“SÚÐAVÍKURHREPPUR EFTIR FIMM ÁR?”**. Þingið fór fram í Súðavíkurskóla og stóð frá kl. 13:00 til 17:30.

Íbúáþing var nú haldið öðru sinni en fyrst var það haldið í Súðavíkurskóla þann 14. mars árið 2004 undir yfirskriftinni: **Til móts við nýja tíma.**

Þrátt fyrir slæma færð og vont veður tóku um 70 manns þátt í þinginu nú, sem er um 30% íbúa sveitarfélagsins. Margir sem ætluðu að mæta á þingið urðu frá að hverfa vegna veðurs, m.a. íbúar úr dreifbýli Súðavíkurrepps og félagar úr félagi Sumarbúa.



Á þinginu voru tekin fyrir öll helstu málefni er varða framtíðarsýn Súðavíkurrepps og íbúum gefinn kostur á að koma hugmyndum og athugasemdum á framfæri.

Undirbúningur fyrir þingið fór að mestu fram á skrifstofu Súðavíkurrepps. Starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða komu jafnframt að undirbúningi auk þess sem þeir stýrðu tveim af fjórum vinnuhópum á þinginu sjálfu.

Endanleg ákvörðun um dagskrá og form þingsins var samþykkt á fundi sveitarstjórnar sem haldinn var fimmtudaginn 9. október 2008. Þar var farið yfir helstu atriði og dagskrá íbúáþingsins og í bókun sveitarstjórnar voru íbúar hvattir til að mæta á íbúáþingið og taka þannig virkan þátt í umræðum um framtíð sveitarfélagsins.

Fyrir þingið unnu nemendur Súðavíkurskóla verkefni er varðaði þeirra sýn á umhverfi og ásýnd Súðavíkurrepps og í framhaldi komu þau með tillögur að úrbótum sem þau kynntu á þinginu.

Kynning og dagskrá íbúapingsins var send inn á öll heimili Súðavíkurhrepps þann 16. október 2008.

Í kynningunni var íbúum jafnframt gefin kostur á að senda inn fyrirspurnir um allt það sem vilji væri fyrir að fá upplýsingar um og sneri að rekstri Súðavíkurhrepps. Óskað var eftir því að fyrirspurnir yrðu sendar á skrifstofu Súðavíkurhrepps fyrir 22. október og þeim yrði síðan svarað á íbúapingu.

Auglýsing um íbúapinguð var sett upp í þjónustuhúsinu Álftaveri og dagskráin kynnt á heimasíðu Súðavíkurhrepps.

Íbúapinguð var haldið 25. október 2008.

Á fundi sveitarstjórnar þann 27. nóvember 2008 var síðan farið yfir helstu niðurstöður íbúapingsins. Á fundinum skapaðist góð umræða um niðurstöðurnar og ákveðið að vinna með þær enn frekar næstu mánuði á eftir.

Þess má geta að sumarútfærslan af byggðamerki Súðavíkurhrepps sem er á forsiðu greinargerðarinnar var unnin af nemendum Súðavíkurskóla fyrir íbúapinguð sem haldið var árið 2004.

a) Íbúaping í kjölfar fjármálakreppu

Íbúapinguð var haldið við sérstök þjóðhagsleg skilyrði sem má rekja til bankahruns á Íslandi.

Forsagan er að fyrstu dagana í október 2008 fór að bera á erfiðleikum hjá íslensku bönkunum vegna skorts á lánsfjármagni. Eftir mikið umrót ákvað ríkisstjórnin þann 6. október að setja á neyðarlög, sem heimilaði Fjármálaeftirlitinu að taka yfir starfsemi bankanna og stofna ný félög á grundvelli þeirra eldri og var það gert í framhaldi. Þannig tók íslenska ríkið yfir starfsemi Glitnis, Landsbanka og Kaupþings.

Þann 8. október 2008 ákváðu bresk stjórnvöld að beita lögum um varnir gegn hryðjuverkum og frystu eignir Landsbankans á Bretlandseyjum vegna greiðsluþrots netbankans Icesave.

Við það, lá fyrir að fjárhagslega kreppa var skollin á íslenska þjóðarbúið og langan tíma gæti tekið að ná botni þeirrar kreppu og enn lengri tíma fyrir íslensk fyrirtæki og heimili að ná jafnvægi aftur.

Þrátt fyrir þetta áttu þátttakendur íbúapingsins auðvelt með að setja sig inn í málefni íbúapingsins og taka þannig þátt í að skapa góða umræðu um málefni sveitarfélagsins. Á þinginu komu jafnframt fram tillögur um hvernig íbúar vildu sjá Súðavíkurhrepp þróast til að vera betur í stakk búinn til að takast á við verkefni framtíðarinnar og skapa í sveitarfélaginu enn betri skilyrði fyrir fólk og fyrirtæki.


2. Dagskrá íbúðings:

13:00–13:10	Setning íbúðings Súðavíkurrepps
13:10–13:25	Tónlistaratriði nemenda Súðavíkurskóla
13:25–13:45	Árangursmat, samantekt íbúðingsins 2004 til dagsins í dag
13:45–14:00	Áhersluatriði á seinni hluta kjörtímabilsins 2006–2010 frá sjónarhóli sveitarstjórnar
14:00–14:15	Áherslur í flokkun sorps og sorphirðu. - Ragnar Ágúst Kristinsson, Gámaþjónustu Vestfjarða
14:15–14:25	Kynning á Félagsþjónustu við Djúp – Guðný Hildur Magnúsdóttir
14:25–15:10	Hópar vinna í eftirfarandi málefnum: a. Umhverfi og skipulagsmál b. Atvinnulíf c. Skólamál d. Gott og samheldið samfélag
15:10–15:30	Kaffi í boði Súðavíkurrepps
15:30–15:45	Nemendur Súðavíkurskóla kynna niðurstöður sínar
15:45–16:25	Vinnuhópar kynna niðurstöður sínar
16:25–16:35	Kynning á Atvest, Þorgeir Pálsson
16:35–16:40	Innsendum fyrirspurnum svarað
16:40–16:50	Heimilisbókhalðið Bóthildur kynnt til leiks
16:50–17:10	Opnar umræður
17:10	Þingslit
23:00–03:00	Samkvæmi í boði Súðavíkurrepps í Samkomuhúsi Súðavíkur

3. Helstu niðurstöður

Verkefni íbúðingins **“Súðavíkurhreppur eftir 5 ár?”** voru mjög skýr í því er varðar framtíðarsýn sveitarfélagsins. Miðað var við að vinnuhóparnir fjórir mundu setja sig fimm ár fram í tímann og leitast við að sjá hvernig samfélagið væri þá í Súðavíkurhreppi.

Hvernig væri umhverfi og starfsskilyrði fyrirtækja, hvernig væri hlúð að eldri borgurum, barnafjölskyldum, hvernig liði börnunum og hvernig væri að búa og starfa í sveitarfélaginu?



Helstu niðurstöður úr málefnaflokkunum fjórum.

- ✓ að stefnt verði að umhverfisvænu sveitarfélagi og það endurspeglit í umhverfi, atvinnulífi og ferðaþjónustu
- ✓ stuðlað verði að hreinum Súðavíkurhreppi, engin olíuhreinsistöð eða sambærilegur iðnaður
- ✓ að sveitarfélagið komi að atvinnulífinu með því að ýta undir sjálfbærni og nýsköpun, en dragi sig út úr beinum rekstri
- ✓ efla möguleika í landbúnaði á slátrun, vinnslu og sölu beint frá býli, s.s. með því að gefa út veiðileyfi á rollur
- ✓ að gerður verði 9 holu golfvöllur sem gæti verið staðsettur ofan til við ytra þorpið eða inn á Hlíð
- ✓ talað verði gegn sameiningu sveitarfélaga. Engin grundvöllur til að skoða sameiningu fyrr en bætt hefur verið úr samgöngum
- ✓ láta byggja sundlaug. Það mætti byrja með litla og stækka hana þegar heita vatnið finnst
- ✓ láta byggja íbúðir fyrir eldri borgara svo ömmur og afar þurfi ekki að flytja burtu
- ✓ leggja aukna áherslu á ferðaþjónustu með áherslu á sögu menningu (hval- og selveiði og refinn)
- ✓ halda áfram með leit að heitu vatni sem gefi atvinnulífinu ný tækifæri
- ✓ að Langeyrartjarnarsvæðið verði útvistarsvæði
- ✓ að setja upp tækniþorp á Langeyri, þar sem hægt er að vinna að hönnun, tölvumálum og fjölbreytilegum tæknistörfum
- ✓ að minnka sjónmengum á Garðstöðum s.s. með því að gróðursetja.

4. Setning íbúapings

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Ómar Már Jónsson setti íbúapingið og á eftir léku nemendur Súðavíkurskóla nokkur hugljúf lög.

5. Árangursmat, samantekt íbúapings 2004 til dagsins í dag

Sveitarstjóri kynnti það sem hefur áunnist í starfi sveitarstjórnar með tilliti til áherslna sem fram komu á íbúapinginu sem haldið var árið 2004.

a) Af því helsta sem hefur áunnist er:

- Í framhaldi af íbúapinginu árið 2004 samþykkti sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þann 1. júní árið 2005 **Stefnumörkun Súðavíkurhrepps í atvinnu- og byggðamálum sem gildir fyrir árin 2005- 2010.**
- Árið 2004 var hafist handa við að **endurbyggja** Eyrardalsbæinn.
- Lokið var við að byggja 1.100 fm **iðnaðarhúsnæði** á Langeyri á árinu 2005. Í samræmi við stefnumörkun Súðavíkurhrepps 2005-2010.
- Árið 2007 voru sett upp **upplýsingaskilti** við mörk Súðavíkur ásamt þremur skiltum við gamla pósthúsið sem segja sögu Súðavíkur í texta og myndum.
- Árið 2006 hófst **leit að heitu vatni** í Álftafirði og lofa niðurstöður góðu.
- Súðavíkurhreppur átti frumkvæði að því koma á **nýrri tegund ferðamennsku** á Vestfjörðum sem er þjónusta við erlenda sjóstangveiðimenn.
- Frá árinu 2005 hefur foreldrum og forráðamönnum barna á leikskólaaldri hefur verið boðið upp á **gjaldfrjálsan leikskóla** í 6 klst á dag.
- Frá árinu 2005 hefur **fjárhagslega verið stutt við bændur** lögbýla í dreifbýlinu sem hafa þurft að gera endurbætur á vatnsveitumálum vegna kröfu um starfsleyfi.
- Frá árinu 2005 hefur verið **úthlutað atvinnumálaframlögum**, allt að þremur milljónum árlega til fyrirtækja sem geta sýnt fram á fjölgun starfa.



b) Verkefni sem hefur ekki náðst að fara í eða klára.

Jafnframt var farið yfir helstu verkefni sem samþykkt hafði verið að fara í, en ekki náðst að klára.

- Að ná tökum á frekari stækkun **bílakirkjugarðs** í dreifbýli Súðavíkurhrepps.
- Skipuleggja svæðið umhverfis **Langeyrartjörn**.

c) Verkefni sem unnið er að

Jafnframt var farið yfir þau verkefni sem í gangi eru:

- Unnið að **endurbyggingu Eyrardalsbæjarins** og áætlað að því verði lokið vorið 2010.
- Unnið í að **finna heitt vatn** í Álftafirði.
- Unnið í að klára **hönnun torgsins** milli Álftavars og leikskólans Kofrasels og kostnaðarmeta verkefnið.
- Gera **uppsátur fyrir smábáta** á Langeyri á árinu 2009. Samþykkt á samgönguáætlun. 60% kostnaðar greitt af ríkinu. Gert ráð fyrir á árinu 2010.
- Í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands og fleiri aðila, unnið að verkefninu: „**Uppbygging Vatnsfjarðar sem minjastaðar**“. Fellst í að útvega fjármagn til að hægt sé að efla staðinn enn frekar sem ferðamannastað.



6. Áherslur í flokkun sorps og sorphirðu

Í lok ársins 2007 var samið við Gámaþjónustu Vestfjarða um sorphirðu í Súðavík, en fram til þess tíma hafði sveitarfélagið sjálft séð um sorphirðu.

Með samningi við Gámaþjónustu Vestfjarða voru jafnframt kynntar breytingar á flokkun á sorpi sem fólst í ytarlegri flokkun heldur en áður hafði verið. Nokkur aðlögun átti sér stað í framhaldi við að betrubæta flokkunar- og hirðukerfið. Á þinginu var Ragnar Ágúst Kristinsson með fyrirlestur um málið og gafst þátttakendum kostur á að fræðast enn betur um sorphirðu, sorpflokkun og endurvinnslu.



7. Kynning á Félagsþjónustu við Djúp

Frá júní 2008 hefur Súðavíkurhreppur í samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað starfrækt Félagsþjónustu við Djúp. Starfsemin grundvallast m.a. á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálastjóri Félagsþjónustunnar við Djúp er Guðný Hildur Magnúsdóttir.

Á þinginu kynnti Guðný þá þjónustu sem í boði er á vegum sveitarfélaganna.

8. Félagsstarf Súðavíkurhrepps

Í erindi Guðnýjar var jafnframt kynnt nýtt fyrirkomulag á Félagsstarfi eldri borgara. Starfsemin hefur nú verið útvíkkuð og skipt um nafn og fer starfsemin nú fram undir heitinu: **Félagsstarf Súðavíkurhrepps** og er öllum opið, konum og körlum á öllum aldri. Starfið fer fram í Súðavíkurskóla tvo daga í viku.

9. Kynning á Atvest

Kynning á Atvinnuþróunarfélagi Vestfirðinga (Atvest). Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Atvest og þá þjónustu sem félagið biður upp á á Vestfjörðum.

10. Skipt í vinnuhópa

Eftir að ofangreind erindi höfðu verið flutt var farið yfir vinnulag og kynntar aðferðir til að nota innan málefnaþópanna til að ná sem bestum árangri í þeim. Valdir höfðu verið hópstjórnar til að fara fyrir hverjum hóp og tóku starfsmenn Atvest að sér stjórnun í tveim málaflokkum, **Umhverfi og skipulagsmál** og **atvinnulíf**.

a) Yfirskrift fjögurra vinnuhópa er sem hér segir:

a) Umhverfi og skipulagsmál

- ✓ - innri og ytri byggð Súðavíkur
- ✓ - opin svæði, göngustígar og útivist
- ✓ - Langeyrartjarnarsvæðið, íbúðabyggð / frístundabyggð
- ✓ - dreifbýli Súðavíkurhrepps
- ✓ - afstaða okkar til sameiningar við nærliggjandi sveitarfélög

b) Atvinnulíf

- ✓ - hugsanleg sóknarfæri í atvinnumálum,
- ✓ - hvernig löðum við að ný fyrirtæki,
- ✓ - aðkoma sveitarfélagsins að atvinnumálum,
- ✓ - landbúnaður,
- ✓ - ferðaþjónusta, staða og möguleg efling,
- ✓ - safnamál,
- ✓ - samgöngumál,
- ✓ - húsakostur í Súðavík,
- ✓ - olíuhreinsistöð á Vestfjörðum.

c) Skólamál

- ✓ - drög að skólastefnu Súðavíkurhrepps,
- ✓ - aðstaða,
- ✓ - aðbúnaður,
- ✓ - innra starf,
- ✓ - æskulýðs- og íþróttamál,
- ✓ - forvarnir.



d) Gott og samheldið samfélag

- ✓ - fjölskylduvænt samfélag,
- ✓ - félagsmál,
- ✓ - menningarmál,
- ✓ - virkni íbúa til þátttöku og framsóknar,
- ✓ - sumarhátíðir, Listasumar / Bryggjudagar.

Starf vinnuhópa

Á þinginu gátu þátttakendur valið að taka þátt í einhverjum af ofangreindum málaflokkum og taka þannig virkan þátt í að hafa áhrif á framtíðarmótun sveitarfélagsins.

b) Spurningum sem m.a. var leitað svara við í hópunum

- ✓ Hvað getum við gert til að gera sveitarfélagið að enn betri valkosti til að búa og starfa í?
- ✓ Hver er afstaða okkar til staðsetningu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum?
- ✓ Hvernig eflum við samheldni íbúanna enn frekar?
- ✓ Hvernig viljum við sjá svæðið umhverfis Langeyrartjörnina?
- ✓ Hvernig sköpum við enn frekar vænlegt rekstarumhverfi fyrir sprotafyrirtæki?
- ✓ Hvernig förum við að því að fjölga íbúum Súðavíkurhrepps?
- ✓ Hver er afstaða okkar til sameiningarmála við önnur sveitarfélög?
- ✓ Hvernig getum við stutt og eflt áhugasama einstaklinga innan svæðisins enn frekar til dáða?
- ✓ Hvernig umhverfi viljum við skapa ferðafólki sem sækir okkur heim?
- ✓ Hvernig viljum við að Súðavíkurhreppur líti út eftir 5 ár?

11. Kaffi í boði

Meðan á þinginu stóð var boðið upp á kaffi og meðlæti sem félagið Raggagarður sá um að gera og framreiða og rann ágóðinn til styrktar Raggagarði.

12. Nemendur Súðavíkurskóla kynna niðurstöður sínar.

Nemendur unnu undir leiðsögn Dagbjartar Hjaltadóttur við verkefnið fyrir íbúáþingið og kynntu niðurstöður sínar á þinginu sem voru eftirfarandi:



a) Nemendur 5 - 9 ára

- ✓ Það þarf moka snjó af svellinu á tjörninni svo krakkarnir geti skautað.
- ✓ Það vantar aðstöðu fyrir smíðakennslu í Súðavík. Við höldum að margir í Súðavík geti kennt smíðar.
- ✓ Það vantar sundlaug, það mætti byrja með litla laug og stækka hana svo þegar heita vatnið finnst.
- ✓ Byggja hérna elliheimili svo ömmur og afar þurfi ekki að flytja burtu.
- ✓ Halda reglulega föndurdaga eða skemmtidaga fyrir börnin í þorpinu.

b) Nemendur 10 - 12 ára

- ✓ Láta setja upp sparkvöll þar sem grasvöllinn má bara nota á sumrin en ekki á haustin eða vorin því þá er hann of blautur. Sparkvöllinn mætti setja á túnið fyrir ofan kirkjuna eða við íþróttahúsið.
- ✓ Við viljum fá litla skíðalyftu fyrir ofan nýja þorpið, eða sleðabraut.
- ✓ Körfuboltakörfu fyrir utan félagsmiðstöðina.
- ✓ Við viljum fá klukku á Álftavershúsið, á vegginn fyrir ofan kaffistofuna á hreppsskrifstofunni, ekki digital klukku heldur með vísun – svona alvöru torgklukku. Það mætti líka vera hitamælir.

c) Nemendur 13 - 15 ára

- ✓ Félagsmiðstöð fyrir unglíngana – strax. Það hefur liðið alltof langur tími síðan unglíngarnir höfðu einhvern stað fyrir sig.
- ✓ Setja upp golfvöll. Það væri auðvelt að gera níu holu völl til dæmis fyrir ofan ytra þorpið eða inn á Hlíð.
- ✓ Endurreisa unglíngadeild Björgunarsveitarinnar Kofra. Krakkar læra að bjarga sér sjálf og margt annað skemmtilegt í unglíngadeildum björgunarsveita.

- ✓ Torgið með gosbrunninum sem nemendur hönnuðu í myndmennt (innan til við skólann) þarf að snúa á mótí suðri og sólinni, en ekki niður að bílastæði leikskólans eins og búið er að teikna upp. Til að mynda gott skjól á torginu mætti flytja limgerðið fyrir framan borðsalinn og setja kringum torgið.
- ✓ Hérna fyrir framan matsalinn (í skólanum) má setja lágvaxnari runna svo það sjáist betur út á sjóinn.

13. Þátttakendur vinnuhópa kynna niðurstöður sínar

Í vinnuhópunum var farið vítt og breitt yfir þau málefni sem voru efst á baugi og voru þátttakendur beðnir um að benda á viðfangefni sem þörfuðust úrlausna og koma síðan með tillögur að lausnum. Hópstjórar stýrðu umræðum innan hópanna og voru myndaðar tillögur að lausnum innan hvers hóps sem, síðan var kynnt á þinginu.



Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður þeirra fjögurra hópa sem settir voru upp.

a) Umhverfi og ásýnd

Olíuhreinsistöð

- ✓ Almenn afstaða til olíuhreinsistöðvar var frekar neikvæð.
- ✓ Ímyndin mundi skaðast.
- ✓ Þrátt fyrir neikvæðu afstöðu var þó almennt viðurkennt að sambærileg innspýting í hagkerfið og atvinnulífið yrði alltaf áhugaverð.

Opin svæði, útivist og göngustígar

- ✓ Sparkvöll vantar t.d. neðan til við Holtagötu eða innan við Álfabyggð.
- ✓ Grjótnáman er í dag hættulegt svæði. Það þarf að gera þetta svæði öruggt fyrir vegfarendur.

Innri og ytri byggð Súðavíkur

- ✓ Vantar tengingu á milli byggðanna. Þetta byggir þó aðallega á að íbúar þurfa að sækja betur í sitt hvorn kjarnann.
- ✓ Gönguleiðir í kringum Súðavík þarf að merkja betur.

Afstaða til sameininga

- ✓ Enginn vilji hópsins var til sameininga. Það er þó samgöngutengt – verður mögulegt að hefja umræður ef göng verða gerð.

- ✓ Göng eru öryggisatriði og ákaflega mikilvægur áfangi í því að gera svæðið í heild sinni sterkara.

Langeyrartjarnarsvæðið

- ✓ Hvorki íbúabyggð né frístundabyggð á heima þar og verja þarf tjörnina og umhverfið í kring.
- ✓ Það fer ekki saman að vernda varpsvæði og vera með frístundabyggð. Skoða þetta sem útivistarsvæði en vernda fuglavarpið á varptíma og frístundabyggð gæti t.d. verið fyrir ofan þjóðveginn.
- ✓ Yfir vetrartímann gæti Langeyrartjarnarsvæðið verið gönguskíðasvæði og skautasvæði og þá lýst upp fyrir vetrarnotkun.

Dreifbýli Súðavíkurhrepps

- ✓ Það þarf að styðja við uppbyggingu Reykjaness sem kemur til með að eiga sér stað vegna nýs vegar.
- ✓ Aðhald þarf í kringum jörðina Garðsstaði t.d. gróðursetja í kringum svæðið til að minnka sjónmengun.
- ✓ Öll förgun t.d. spilliefna og annars úrgangs þarf að vera í samræmi við lög og reglugerðir



b) Atvinnulíf og þjónusta

Súðavík eftir 5 ár?

- ✓ Nýsköpunarþorp á Langeyri. Sérfræðistörf og langtímaverkefni, 3 störf.
- ✓ Umhverfisvænt sveitarfélag (hreint sveitarfélag) og umhverfi. Atvinnulíf og ferðaþjónusta undirstrikar það.
- ✓ Verksmiðja, katta- og hundamats á Langeyri útvegar 5-10 störf.
- ✓ Sveitarfélagið kemur að atvinnulífi til að ýta undir sjálfbærni og nýsköpun, en hefur dregið sig út úr beinum rekstri.
- ✓ Borun hafin á göngum til Ísafjarðar. Hönnun á brú yfir Álftafjörð hafin.
- ✓ Ferðaþjónusta verður önnur sérstaða svæðisins. Áhersla á sögu og menningu (hval- og selveiði, refinn).
- ✓ Byrjað að reisa þjónustuíbúðir fyrir aldraða.
- ✓ Ljósleiðari kominn = er forsenda þorpsins á Langeyri.
- ✓ Byrjað að nýta heitt og kalt vatn í: hitun þorpsins, sundlaug og rannsóknir í eldi (Langeyri).

Annað

- ✓ Sameining sveitarfélaga = samgöngur forsenda.
- ✓ Skiptar skoðanir um olíuhreinsistöð. Tengist umræðu um sérstöðu Súðavíkur sem umhverfisvænt sveitarfélag / þorp
- ✓ Sérstaðan hefur áhrif á alla nálgun: Ævintýraferðir í ferðapjónustu að vetri (selja vont veður), sjóstangveiði (skoða kvótamál og byggðakvóta)
- ✓ Efla möguleika í landbúnaði á slátrun, vinnslu og sölu beint frá býli, mögulega gefa út veiðileyfi á rollur.
- ✓ Ýta undir vinnslu á afla sjóstangveiði á staðnum.
- ✓ Uppbygging húsnæðis verði í takt við atvinnumál.
- ✓ Uppbygging menntunar þarf að taka mið af sérstöðu svæðisins. Vantar sérstöðu á Ísafirði
- ✓ Senda ungt fólk út í nám. Fá til baka inn sérhæfingu

Almennar aðstæður

- ✓ Skortur á geymsluhúsnæði í Súðavík.
- ✓ Almennur skortur á íbúðarhúsnæði er vandamál fyrir frekari vöxt.
- ✓ Lokanir í ytri byggð þyrftu að vera sveigjanlegri. Það þyrftu að vera "grá" tímabil við upphaf og enda lokunartímabils.
- ✓ Styðja við hitaveituvæðingu – í tengslum við sundlaug, húshitun, atvinnu-
uppbyggingu o.s.frv.

c) Gott og samheldið samfélag

- ✓ Halda götuskötu (á Þorláksmessu á sumrin) – eða götugrill. Það eykur samstöðu íbúanna.
- ✓ Halda gamla fólkinu hjá okkur – fá þjónustuhús, þá losnar um húsnæði.
- ✓ Félagsmiðstöð fyrir börnin – auglýsa eftir húsgögnum og gera „kósý“.
- ✓ Halda „bílskúrssölu“ með þátttöku allra í þorpinu – kaffi og kleinur með.
- ✓ Staður þar sem hægt er að safna eða geyma nýtilega hluti (sem síðar fara á bílskúrssluna).
- ✓ Halda félagsvist – fá fólk í skólann til að kenna börnunum (líka taflkennslu).
- ✓ Fá foreldra og börn til að fara í leiki á sumarkvöldum (brennó, hornó.)
- ✓ Tröllaslagur/fáránleikarnir leikur og keppni meðal barna og fullorðinna.
- ✓ Nota glerofninn, halda námskeið og sýningu að því loknu.



- ✓ Fjölga röddum í kórnum og léttu söngskránnu (syngja hér og hvar og út um allt þegar tækifæri gefast).
- ✓ Hugsa um minjagripasölu sem tengist Súðavík og vanda til verksins (efni og hönnun).
- ✓ Bæjarhátíð bara fyrir okkur – smiðjur – listsýningar – grill – og enda á balli.
- ✓ Gera sameiginlegt listaverk íbúanna t.d. mála gömlu tóftina fyrir utan Dalbæ.

d) Skólamál

- ✓ Setja inn í skólastefnu að leggja enn ríkari áherslu á að einstaklingar séu ólíkir að trúarbrögðum, hörundslit, stærð, lögun og svo framvegis og það skuli bera virðingu fyrir því.
- ✓ Ath. með grundvöll fyrir fjölbreyttara úrvali af hreyfingu fyrir börnin í þorpinu s.s. ballett eða fimleika.
- ✓ Að foreldrar sem vegna fjárhagsaðstæðna hafa ekki aðstæður til að leyfa börnum sínum að vera í tónlistarnámi geti sótt um styrk til sveitarfélagsins vegna þess.
- ✓ Fá leiklist og tjáningu inn í skólastarfið t.d. í lífsleikni eða sérstaka tíma.
- ✓ Vantar leiktæki á skólalóð fyrir millialdur.
- ✓ Laga eldhúsið svo hægt sé að elda þar mótuneytismatinn og efla heimilisfræðikennslu.
- ✓ Bæta aðgengi inn í skólann fyrir hjólastóla.
- ✓ Samvera barna og fullorðinna í félagsstarfinu. Þeir sem eru eldri geti miðlað sinni þekkingu og öfugt. Gætu orðið skemmtilegar stundir.
- ✓ Almennt séð leist hópnum vel á drög að skólastefnu Súðavíkurskóla sem lögð var fyrir fundinn.



14. Innsendum fyrirspurnum svarað

Ellefu fyrirspurnir bárust á skrifstofu Súðavíkurhrepps, bæði með tölvupósti og bréfleiðis áður en þing hófst. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fór yfir innsendar fyrirspurnir og vann svör við þeim sem kynnt voru á íbúáþinginu.

Innsendar spurningar og svör við þeim eru eftirfarandi:



1. Hvað með leit að heitu vatni í Álftafirði?

Níu borholur voru gerðar í innanverðum Álftafirði árið 2006 og lofuðu niðurstöður góðu. Ekkert opinbert fjármagn fékkst til verkefnisins á árinu 2007 og því lá verkefnið niðri það árið. Súðavíkurreppur ber 25% af kostnaði, Orkubú Vestfjarða 25% og Orkusjóður leggur fram 50% í formi styrks.

Orkusjóður samþykkti að veita verkefninu í Súðavík styrk fyrir árið 2008. Fellst verkefnið nú í að dýpka eina holu sem boruð var árið 2006 og með því renna styrkari stoðum um að heitt vatn sé að finna og það sé nýtanlegt. Fyrirhugað er að sú framkvæmd verði gerð nú í október eða nóvember 2008.

2. Af hverju er ekki sett upp útivistarsvæði í innri Súðavík, með leiktækjum og borðum, sambærilegt við Raggagarð?

Sveitarstjórn telur ekki þörf á nýju útivistarsvæði í innri Súðavík þar sem til staðar er glæsilegur fjölskyldugarður, Raggagarður í um fimm mínúta fjarlægð frá innri byggðinni.

3. Á síðasta íbúáþingi var talað um að setja samfelldan göngustíg milli innri og ytri byggðar, hvað líður því máli?

Það verkefni var samþykkt í sveitarstjórn árið 2005 en í því fellst að setja fyrst upp handrið og er það í höndum Vegagerðarinnar. Gerð göngustígsins er í höndum Súðavíkurrepps. Verkið hefur tafist óþarflega mikið hjá Vegagerðinni m.a. vegna breytinga á reglum sem gilda um uppsetningu öryggishandriða, að þeirra sögn. Nú er unnið að því að setja upp handriðið og stefnt er að því að Súðavíkurreppur klári gerð göngustígsins næsta vor.

4. Fjárfesti Súðavíkurreppur í einhverjum af þessum peningamarkaðssjóðum sem fóru svo illa?

Súðavíkurreppur var með um 75 millj. hjá Íslenskum verðbréfum, en tók þá fjárhæð út í lok árs 2007 og keypti stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga. Súðavíkurreppur hefur því ekki tapað fé í peningamarkaðssjóðum í þeim fjármálahremmingum sem nú ganga yfir.

5. Stendur til að fá aftur hóp Veraldavina til að vinna ákveðin verkefni fyrir Súðavíkurrepp?

Ekkert liggur fyrir í því að fá veraldavini eða aðra til að vinna sambærileg verkefni fyrir Súðavíkurrepp og gert var árið 2004.

6. Hvað með hringtorg við kirkjuna sem rætt var um á síðasta íbúáþingi. Hvar er málið statt, hafa kostir og gallar verið kannaðir og þarf mögulega að setja þar upp hraðahindrun?

Umræða hefur verið um hringtorg við kirkjuna en hefur sú umræða tengst mögulegri byggingu íbúðabyggðar innan og neðan til við kirkjuna samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Engin ákvörðun hefur á þessu stigi verið tekin um að setja upp hringtorg né hafa verið kannaðir kostir og gallar þess.

Varðandi mögulega hraðahindrun þá átti sveitarstjóri fund sl. sumar með fulltrúum úr félagi Sumarbúa og Vegagerðinni til að ræða hraðakstur í gegnum þorpið.

Vegagerðin samþykkti að hefja vinnu við að skipuleggja hvernig væri hægt að ná niður umferðarhraða í gegnum þorpið og ætla þeir að kynna þær niðurstöður í vetur.

7. Ég legg til að það verði sett merkt gangbraut yfir aðalgötuna að kirkjunni.

Sveitarstjórn sér því ekkert til fyrirstöðu að sett verði upp gangbraut næsta sumar yfir aðalgötuna við kirkjuna.

8. Það var rætt um byggingu dvalarheimilis fyrir eldri borgara í Súðavík, hvað með það?

Súðavíkurbær lét gera frumdrög að byggingu á tveggja hæða húsi fyrir eldri borgara. Þar var gert ráð fyrir 9 íbúðum, 80 fm. og 105 fm. að stærð og húsið yrði á lóðinni innan til við Álftaver. Áætlaður byggingarkostnaður er um 160 millj. Ekki hefur verið tekin ákvörðun að ráðast í slíka byggingu, áhuginn er til staðar, en tryggja þarf fjármögnun.

9. Á síðasta íbúðarþingi var rætt um að setja upp gangstétt við Hlíðargötu?

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að setja upp gangstétt við Hlíðargötu.

10. Verður eitthvað fleira en refasetur í gamla Eyradalsbænum, t.d. safn?

Húsið er ekki nema um 140 fm. á tveimur hæðum og því er takmarkað hvað er hægt að koma þar fyrir. Áætlanir gera ráð fyrir að refasetrið muni nýta allt rými í húsinu undir starfsemi sína.

11. Stendur til að sveitarfélagið kynni frekar náttúruperlur, sögustaði og þjóðsögur úr sveitarfélaginu til að laða ferðamenn að enn frekar?

Já. Súðavíkurbær hefur lagt mikla vinnu í að kynna sveitarfélagið eins og kostur er fyrir íbúum og ferðamönnum sem sækja okkur heim. Má þar meðal annars nefna töluvert af kynningarefni í íslenskum og erlendum ferðamannabæklingum þar sem bent er á náttúruperlur og sögustaði o.fl. í Súðavíkurbænum.

Súðavíkurbær hefur t.d. sl. tvö ár verið í samstarfsverkefni með góðum aðilum um verkefnið „Vatnsfjörður sem minjastaður“ og eru miklar vonir við að það verkefni takist vel, en þar er megin markmiðið að kynna Vatnsfjörð sem minjastað.



15. Opnar umræður

Eftir að innsendum fyrirspurnum hafði verið svarað voru opnar umræður þar sem kostur gafst á að spyrja sveitarstjórn um allt það sem ekki hafði áður komið fram.

Umræða um sameiningu við nærliggjandi sveitarfélög

Nokkur umræða skapaðist um mögulega sameiningu við nærliggjandi sveitarfélög. Niðurstaða þess var eins og á íbúáþinginu sem haldið var árið 2004 að þátttakendur töldu ekki áhugaverðan kost að fara í viðræður um sameiningu við núverandi aðstæður. Þar sem ekki er að sjá að sameining muni efla Súðavíkurbrepp, hvorki atvinnulega séð í samgöngumálum eða út frá byggðalegum sjónarmiðum. Hins vegar var almennt álit að frekari samvinna við nærliggjandi sveitarfélög væri af hinu góða.

16. Heimilisbókhaldið Bóthildur kynnt til leiks

Á þinginu var kynnt nýtt heimilisbókhaldsforrit sem hannað var og þróað af nokkrum einstaklingum búsettum í Súðavík sem starfa við hugbúnaðargerð.

Súðavíkurbreppur hafði gert samning um kaup á heimilisbókhaldsforritinu á CD diskum og á þinginu var það kynnt að hverju heimili í Súðavíkurbreppi stæði forritið til boða án endurgjalds.

Á þinginu var jafnframt efnt til samkeppni um nafn á forritið og var það Dagbjört Hjaltadóttir sem bar sigur úr þitum með nafnið **Bóthildur**.



17. Samantekt og hvað svo?

Á íbúáþinginu "**SÚÐAVÍKURHREPPUR EFTIR FIMM ÁR?**" mátti merkja almenna ánægju þátttakenda. Íbúáþing eru mjög mikilvægur vettvangur til að eiga náið samráð um hvert við viljum stefna með sveitarfélagið þar sem allir geta tekið þátt í mótun þeirrar framtíðarsýnar sem við teljum besta fyrir okkur sem íbúa sveitarfélagsins

Að lokum er þeim þakkað er sóttu íbúáþingið og þeirra framlag í vinnuhópunum, starfsmönnum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, þeim Þorgeiri Pálssyni og Neil Shiran K. Þórisson. Einnig og að ógleymdum nemendum Súðavíkurskóla sem tóku virkan þátt í þinginu.

Öllum bar saman um að umræðan hafi verið málefnaleg og vinnan innan hópanna faglega unnin.

Í þingslit voru niðurstöðum málefnaþópanna komið yfir til sveitarstjórnar til frekari vinnslu.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um næsta íbúáþing, en almennt er talið að mikilvægt sé að halda íbúáþing minnst einu sinni á hverju fjögurra ára kjörtímabili.

Heppilegt væri þó að halda þau tvisvar á hverju kjörtímabili sem gæti verið uppstillt þannig að það yrði haldið innan eins árs frá því að ný sveitarstjórn tæki við og innan við ári áður en yfirstandandi kjörtímabili lýkur. Á fyrra íbúáþinginu yrði stefnan endurskoðuð og mörkuð að nýju og fyrir lok kjörtímabilsins yrði farið yfir það sem áunnist hefði og hvað væri framundan í þeirri vinnu.

*Virðingarfyllst,
Ómar Már Jónsson
sveitarstjóri*